

Borgarráð 11. ágúst 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um spretthóp vegna hávaða í miðbænum

Fulltrúi Flokks fólksins sat tvo fundi í sumar vegna kvartanna íbúa varðandi hávaða og skrísláta í miðbænum. Fundina sátu einnig lykilaðilar úr borgarkerfinu, lögregla og fulltrúar íbúa. Í kjölfarið var settur á laggirnar spretthópur sem vinna átti málið áfram. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvernig starfið gengur hjá hópnum? Spurt er hvernig miðar þessari vinnu og hvert stefnir? Hafa allir útihátalarar t.d. verið fjarlægðir eins og talað var um að gera, enda ólöglegir? Hefur verið velt upp möguleikum á frekari hljóðvörnum t.d. eins og í gömlum húsum sem vitað er að bergmála vegna slakrar einangrunar? Eru kvartanir nú allar færðar til bókar? Flokkur fólksins hefur verið með tillögur til lausnar þessa vanda. Sú fyrsta var lögð fram 2018 þar sem lagt var til að reglugerð um hávaðamengun yrði fylgt, og nú síðast að farið verði í fjölpættar aðgerðir til að leysa vanda m.a. með ráðningu miðbæjarstjóra og skoða að flytja klúbba sem eru opnir fram eftir nóttu úr miðbænum til dæmis út á Granda.